Barnaheill

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir). (Þingskjal 165 — 97. mál.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Þar er lagt til að foreldrar barna sem misst hafa annað foreldri sitt, geti fengið greiddan kostnað frá Tryggingastofnun, vegna sérstakra útgjalda, svo sem vegna skírnar, fermingar, tannréttinga o.fl.

Samtökin styðja efni frumvarpsins og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög. Barnaheill taka undir þau sjónarmið sem í frumvarpinu koma að mikilvægt sé að tryggja að börnum sé ekki mismunað á grundvelli stöðu foreldra þeirra og vilja jafnframt leggja áherslu á skyldu ríkja samkvæmt 27. gr. Barnasáttmálans til að veita foreldrum aðstoð til að tryggja barni rétt þess til lágmarks lífsafkomu og án mismununar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna að bættum réttindum barna, þ. á m. vinna samtökin gegn mismunun barna á grundvelli efnahags foreldra og annarrar stöðu.

Velferðarnefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skjal: F1803003
Hafnarfjörður, 16. mars 2018

Umsögn

Almannatryggingar (barnalífeyrir)

97. mál, frumvarp, 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldrajafnrétti hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir).

Félag um foreldrajafnrétti styður frumvarp þetta og vísar til 2. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálans, þar sem segir í 1. mgr. 2. gr. að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni réttindi samningsins án mismununar af nokkru tagi, án tillits til meðal annars félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna barns eða foreldris þess eða lögráðamanns. Þar segir einnig í 2. mgr. 2. gr. að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um sjá um að barni sé ekki mismunað vegna stöðu foreldra þess.

Það verður líklegast aldrei hægt að koma í veg fyrir fjárhagslegan aðstöðumun barna. Börn eiga mis efnaða foreldra og foreldrar setja mismikið fé í börn sín af ýmsum ástæðum. Lögheimilisforeldrar hafa almennt frjálsar hendur með hversu miklum fjármunum þeir veita í börn sín svo framarlega að foreldrar bregðast ekki grunnþörfum þess, sem fellur þá undir líkamlega vanrækslu, og er tilkynningaskylt til barnaverndaryfirvalda. Í barnalögum hefur löggjafinn gefið framkvæmdavaldinu heimild til að úrskurða það foreldri sem ekki deilir lögheimili með barni til greiðslu meðlags, sérstaks framlags vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða að öðru sérstöku tilefni og framlag til menntunar eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18 til 20 ára.

Úrskurður um meðlag tekur ekki tillit til þarfa barns eins og forsjárskyldur lögheimilisforeldra gera, þó í mörgum tilfellum fari meðlag saman við þarfir barns. Úrskurður um meðlag fer aldrei niður fyrir einfaldan barnalífeyri óháð þörfum barns og getur orðið margfaldur barnalífeyrir óháður þörfum barns. Í lögum segir að meðlag skuli ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Í framkvæmd er meðlag úrskurðað eingöngu út frá tekjum meðlagsgreiðanda en þó aldrei lægra en sem nemur einföldum barnalífeyri.

Úrskurður vegna sérstaks framlag byggir á svipuðum forsendum og úrskurður vegna aukins meðlags. Þar er nær eingöngu litið til tekna meðlagsgreiðanda að því undanskyldu þó að foreldrið sem sækir um sérstök framlög þarf að framvísa staðfestingu á kostnaði vegna þess tilefnis sem vísað er í.

Félag um foreldrajafnrétti leggur áherslu á sameiginlega framfærsluskyldu foreldra. Í 2. mgr. 27. gr. Barnasáttmálans segir að foreldrar eða foreldri, eða aðrir sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns, beri höfuðábyrgð á því í samræmi við getu sína og fjárhagsaðstæður að sjá barni fyrir þeim lífsskilyrðum sem eru því nauðsynleg til að komast til þroska.

Félag um foreldrajafnrétti telur með öllu óeðlilegt að foreldri sé úrskurðað til þess að greiða meira en það sem 2. mgr. 27. gr. Barnasáttmálans kveður á um. Það brjóti í bága við 2. gr. samningsins að foreldri sem ekki deili lögheimili með barni sé úrskurðað til útgjalda umfram þarfir barns á meðan aðrir foreldrar hafa sjálfsákvörðunarrétt um slík útgjöld.

Í 3. mgr. 27. gr. Barnasáttmálans segir að aðildarríki skuli þegar þörf krefur láta í té efnislega aðstoð og sjá fyrir stuðningsúrræðum. Félag um foreldrajafnrétti telur að 3. mgr. 27. gr. Barnasáttmálans eigi við um báða foreldra óháð lögheimilisskráningu barns. Stjórnvöldum beri því að veita báðum foreldrum efnislega aðstoð þegar þörf krefur svo foreldrar geti séð barni sínu fyrir þeim lífsskilyrðum sem eru því nauðsynleg til að komst til þroska.

Tilefni sem talin eru upp í 60. gr. barnalaga vegna sérstakra útgjölda geta vel fallið undir lífsskilyrði sem eru barni nauðsynleg til að komast til þroska í því samfélagið sem við búum í. Á þeim forsendum og á því að foreldrar sem ekki deila lögheimili með barni eru úrskurðaðir til þess að greiða þessi sérstöku útgjöld þá er eðlileg að Tryggingastofnun ríkisins greiði þessi sérstöku útgjöld þegar réttur til barnalífeyris á við.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafnrétti,

Heimir Hilmarsson, formaður

LJÓNSHJARTA

Reykjavík 13. febrúar 2017

Sendandi

Stjórn Ljónshjarta
– samtök til stuðnings yngra fólki sem misst hefur maka og börnum þeirra

Efni

Umsögn um þingskjal 165
97. mál á 148. löggjafarþingi 2017–2018
um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir).

Stjórn Ljónshjarta fagnar lagabreytingunni sem hér er lögð til, enda er hún til þess fallin að leggja af mismunun sem hefur verið við lýði gagnvart barnalífeyrisþegum, þ.e. börnum öryrkja og börnum sem misst hafa foreldri.

Samkvæmt 60. grein barnalaga nr. 76 frá 2003 er heimilt að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Barnalífeyrisþegar hafa hins vegar ekki átt rétt á þessu sérstaka framlagi samkvæmt túlkun Tryggingastofnunar ríkisins á Barnalögum, þ.e. að hið opinbera teljist ekki meðlagsskyldur aðili þrátt fyrir skýra lagaskyldu þess til að greiða lífeyri til barna sem misst hafa foreldri jafnháan einföldu meðlagi.

Við andlát foreldris barns undir 18 ára aldri myndast réttur til greiðslu barnalífeyris af hálfu hins opinbera, sbr. lög um almannatryggingar, og ennfremur til barnalífeyris vegna náms/starfsþjálfunar og sér Tryggingastofnun ríkisins um greiðsluna fyrir hönd hins opinbera.

Með greiðslu barnalífeyris til barna sem missa foreldri er vilji löggjafans ljóslega sá að jafna fjárhagslega stöðu þeirra og barna sem eiga báða foreldra á lífi, enda er upphæð barnalífeyrisins jöfn að krónutölu á hverjum tíma við einfalt meðlag með börnum annarra einstæðra foreldra.

Eins og málum er háttað í dag er hér ótvírætt um mismunun að ræða eftir stöðu barna, þ.e. því hvort þau eiga báða eða eitt/hvorugt foreldri á lífi. Slík mismunun fer í bága við stjórnarskrá Íslands en þar segir í 65. gr. að *allir skuli vera jafnir fyrir lögum*.

Þá má einnig vísa til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þar segir í 2. grein að aðildarríki skuli „gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima[.]“

Ljónshjarta benti í mars árið 2016 á þessa augljósu mismunun í erindi til Umboðsmanns barna, Margrétar Maríu Sigurðardóttur, sem og sex þingmanna í hópi talsmanna barna á Alþingi, sem tóku undir sjónarmið samtakanna um þörfina á lagabreytingu. Við ítrekum því fullan stuðning okkar við frumvarpið.

Á vefsíðu sýslumanna (2018) kemur fram að dómsmálaráðuneyti skuli gefa út leiðbeiningar til sýslumanna um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um sérstök framlög og þyki fjárhæðir hæfilega ákveðnar sem hér segir:

72.000–95.000 kr. vegna fermingar,
19.000–24.000 kr. vegna skírnar,
72.000–106.000 kr. vegna greftrunar.

Að mati samtakanna væri æskilegt að fram kæmi í frumvarpinu vilji löggjafans til þess að hækka ofangreindar upphæðir til samræmis við helming af raunverulegum lágmarkskostnaði, og þá sérstaklega vegna greftrunar barns sem kostar á bilinu 700.000-1.000.000 kr. Til dæmis með viðbótargrein sem hljóði svo:

Við leiðbeiningar sem dómsmálaráðuneyti skal gefa út til sýslumanna um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um sérstök framlög skal haft til hliðsjónar að þær séu helmingur af ætluðum lágmarkskostnaði.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd stjórnar *Ljónshjarta*, samtaka til stuðnings yngra fólki sem misst hefur maka og börnum þeirra,

Vilborg Davíðsdóttir
Hallveigarstíg 6a,
101 Reykjavík.
vilborg.davids@gmail.com

Stjórn Ljónshjarta

Ína Ólöf Sigurðardóttir formaður
Karen Björk Guðjónsdóttir varaformaður
Rakel Óskarsdóttir
Sara Lind Þórðardóttir
Vésteinn Ingibergsson
Helga Dögg Aðalsteinsdóttir
Sigrún K Guðrúnardóttir
Daðey Arnborg Sigþórsdóttir



Ljónshjarta – samtök til stuðnings yngra fólki sem misst hefur maka og börnum þeirra

Kt. 601213-0950.

Vefsíða: ljonshjarta.is

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (barnalífeyrir), þskj. 165, 97. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lögð til sambærileg heimild fyrir barnalífeyrisþega og finna má í 60. gr. barnalaga, en samkvæmt ákvæðinu má úrskurða meðlagsskyldan aðila til greiðslu framlaga m.a. vegna skírnar, fermingar, gleraugnakaupa, tannréttinga, sjúkdóms eða greftrunar.

Svo sem staðan er í dag bera barnalífeyrisþegar einir allan kostnað sem upp kemur. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem leggur þá skyldu á aðildarríki að sjá til þess að barni sé ekki mismunað, t.d. vegna stöðu foreldra þess og er einnig vísað til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskárinnar. Tekur MRSÍ undir orð flutningsmanna frumvarpsins og hvetur til þess að sambærileg heimild verði felld undir lög um almannatryggingar með sömu forsendum og hafðar eru til hliðsjónar við mat á viðbótarframlagi og stuðst er við í 60. gr. barnalaga.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 – Fax + 354 552 27 21
Netfang/ E-mail: info@mannrettindi.is

TR

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 16. mars 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (barnalífeyrir) – Þingskjal 165 – 97. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 26. febrúar 2018 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög um almannatryggingar nr. 100/2007 verði bætt við nýju ákvæði á eftir 20. gr., þ.e. 20. gr. a með fyrirsögninni „Barnalífeyrir vegna sérstakra útgjalda". Þar segir að Tryggingastofnun geti ákveðið sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Framlagið verði aðeins ákveðið ef sýslumaður hefur úrskurðað um slíkt framlag.

Í greinargerðinni með þessu frumvarpi er vísað til þess að samkvæmt 60. gr. barnalaga nr. 76/2003 megi úrskurða meðlagsskyldan aðila til greiðslu framlaga vegna skírnar, fermingar, gleraugnakaupa, tannréttinga, sjúkdóms eða greftrunar. Sambærilega heimild sé ekki að finna til handa barnalífeyrisþegum þar sem staðan er þó sú sama á þann veg að einn framfærandi ber hitann og þungann af kostnaði sem upp kemur. Flutningsmenn telja að með þessu sé börnum einstæðra foreldra mismunað, þ.e. eftir því hvort báðir foreldrar eða annar er á lífi.

Tryggingastofnun gerir ekki athugasemdir við að stofnuninni sé veitt heimild til að greiða slíkt framlag eins og lagt er til hér. Lagákvæðið sjálft er hins vegar ekki nægilega skýrt við afmörkun þess hóps sem ætlunin er að lagabreytingin gagnist skv. greinargerðinni með frumvarpinu. Koma þyrfti fram að einungis sé heimilt að greiða þetta sérstaka framlag vegna barna sem greiddur er barnalífeyrir vegna skv. 20. gr. almannatryggingalaga á þeim grundvelli að annað eða bæði foreldri eru látin eða barn sé ófeðrað. Ljóst þarf að vera að ákvæðið eigi ekki við sé meðlagsskylt foreldri til staðar sem hægt væri að beina kröfu sinni að eins og heimilt er að gera skv. 60. gr. barnalaga.

Þá er lagt til að beiðni um þetta sérstaka framlag verði beint til sýslumanns sem úrskurðar um hvort ríkinu beri að greiða viðbótarframlag vegna sérstakra aðstæðna. Eðlilegt er að slíkt ákvæði verði einnig sett í barnalögin.

Að lokum er vakin athygli á því að í frumvarpinu er hvergi minnst á að lagt hafi verið kostnaðarmat á frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

Ragna Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri Réttindasviðs

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 16. mars 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir), 97. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna fagnar því að styrkja eigi rétt barna með því að gera þeim foreldrum sem eiga rétt á barnalífeyri kleift að óska eftir framlagi vegna sérstakra útgjalda og vonar að frumvarpið nái fram að ganga.

Með breytingartillögunni er barnalífeyrisþegum veitt sambærileg heimild og finna má í 60. gr. barnalaga nr. 76/2003. Samkvæmt því ákvæði má fá hinn meðlagsskylda úrskurðaðan til greiðslu framlags vegna sérstakra útgjalda svo sem vegna skírnar, fermingar, gleraugnakaupa, tannréttinga, sjúkdóms eða greftrunar, svo og annarra útgjalda sem eru sérstaks eðlis. Ljóst er að umrætt ákvæði á einungis við í þeim tilvikum sem meðlagsskylt foreldri er til staðar. Fram til þessa hafa barnalífeyrisþegar því ekki átt rétt á sambærilegum vegna sérstakra fjárútláta. Hefur börnum því verið mismunað eftir stöðu foreldra að þessu leyti.

Í greinargerð kemur fram að flutningsmenn telji slíka mismunun fara gegn 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, og 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Umboðsmaður barna tekur undir framangreind sjónarmið og þá sérstaklega mikilvægi þess að réttindi sem mælt er fyrir um í Barnasáttmálanum séu tryggð án mismununar af nokkru tagi. Í þessu sambandi vill umboðsmaður einnig vekja athygli á skyldu ríkisins til þess að tryggja börnum lífsafkomu sem nægir þeim til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska, sbr. 1. mgr. 27. gr. sáttmálans. Er því ánægjulegt að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu miði að því að auka jafnræði barna með þessum hætti.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.03.2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir), þingskjal 165, 97.mál.

ÖBÍ tekur undir orð flutningsmanna frumvarpsins að börnum sé mismunað með núgildandi lögum og styður lagabreytingu þess efnis að framfæranda barnalífeyrisþega verði heimilt að óska eftir viðbótarbarnalífeyri vegna sérstakra útgjalda og vísar í 2. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, *„aðildarríki skulu gera allar viðegiandi ráðstafanir til þess að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima“.*

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ